

Alþingi  
Erindi nr. P 131/847  
komudagur 24.2.2005



SÆTÚN 1 - 105 REYKJAVÍK - Sími: 563-6450 - FAX: 563-6401 NETFANG ll@ll.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2005

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um breytingar á lögum nr. 2/1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Í frumvarpinu er lagt til að aðildarskilyrði að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga verði breytt frá og með 1. janúar 2005, en einnig er ákvæði í frumvarpinu að stjórn lífeyrissjóðsins geti ákveðið viðmiðunarlaun fyrir greiðslu lífeyris í þeim tilvikum, þegar laun sjóðfélaga eru ekki samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Landssamtök lífeyrissjóða telja að báðar þessar breytingar á lögum nr. 2/1997 séu til bóta, en vísa að öðru leyti til umsagnar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga um frumvarpið.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

